

## SÁTT

### Vegna brota Samtaka Iðnaðarins á 12. gr. sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti á matvörum.

Samtök Iðnaðarins, Borgartúni 35 Reykjavík, og Samkeppniseftirlitið (saman nefndir aðilar) hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 í framangreindu máli.

Í sáttinni felst að Samtök Iðnaðarins gangast við því að hafa farið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallast á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð, kr. 2.500.000, tvær og hálf milljón króna vegna þessa.

Samtök Iðnaðarins fallast á að félagið og Samtök verslunar og þjónustu hafi haft samvinnu um það hvernig fyrirtæki innan vébanda samtakanna stóðu á árinu 2007 að lækkun á virðisaukaskatti á matvælum úr 14% skattþrepi í 7% þrep í matvöruverslunum. Var á vettvangi samtaka þessara ákveðið hvernig standa skyldi að verðlækkun í tengslum við þessa lækkun skatta og í því sambandi ákveðið hvernig framlegðartap í forverðmerktum matvörum yrði skipt á milli viðkomandi félagsmanna samtakanna. Fallast Samtök Iðnaðarins á að hafa að þessu leyti brotið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Samtökin taka þó fram að ásetningur hafi ekki staðið til þess að hindra samkeppni, einungis að skila skattalækkun til neytenda.


Samtök Iðnaðarins fallast á að tryggja að innan þeirra verði ekki fjallað um eða miðlað upplýsingum um verð, verðþróun, viðskiptakjör og önnur viðkvæm viðskiptaleg eða samkeppnisleg málefni með þeim hætti sem dregið getur úr viðskiptalegu sjálfstæði félagsmanna og raskað samkeppni. Hafa Samtök Iðnaðarins upplýst að þau muni setja sér reglur sem tryggja að samstarf félagsmanna innan þeirra verði ávallt samþýðanlegt samkeppnislögum.

Sektina skal greiða Inn á reikning 0001-26-25874 kt. 540269-6459 í eigu ríkissjóðs eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsætningu þessarar sáttar.

Þá fallast aðilar á að með undirritun sáttar þessarar sé málinu af hálfu Samkeppniseftirlitsins lokið að fullu gagnvart Samtökum Iðnaðarins og að ekki komi til kæru vegna málsins.

Reykjavík, 16. janúar 2008

f.h. Samkeppniseftirlitsins,



f.h. Samtaka Iðnaðarins

